



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 505

Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 505

Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík

Formáli

„Það er upphaf Styrktar- og sjúkrasjóðsins, að stofnun hans er hreift í Kaupmannafjelaginu í Reykjavík eða Handelsforeningen. Ekki verður nú vitað með vissu, hvenær þetta var eða hver upptökin átti. Handelsforeningen var einskonar klúbbur reykvískra kaupmanna og verslunarstjóra. Þessháttar klúbbar höfðu verið hjer til frá því í byrjun aldarinnar, um 1805 og kallaði konferenceráðið í Viðey þá „át- eða rabb eða spila og tóbaksreykjar og drykkjusamsetur manna“ og var það í sjálfu sjer rjettnefni, þó að fleira hefði einnig mátt telja. Klúbbarnir voru helsti vottur fjelagslífs í vaxandi bæ og munu hafa verið rædd þar ýms alvarleg mál og framfaramál bæjarfjelagsins.

Kaupmennirnir virðast frá upphafi hafa verið mikilsmegandi í þessum fjelagsskap, þó að embættismenn væru þar einnig. Það gekk stundum erfiðlega að halda þessum klúbbum uppi og 1850 var stofnað nýtt klúbbfjelag, Bræðrafjelagið svonefnda, og keypti það gömlu klúbbhúsin og reisti nýtt allmyndarlegt hús. Stóðu einkum fyrir þessu þrír kaupmenn, þeir Siemsen, Biering og Tærgesen. Þessi tilraun tókst ekki heldur og enn urðu þrír kaupmenn til að kaupa eignirnar og stofnuðu þar gistihús og veitingaskála 1856 og var það rekið í 10 ár, en þá sett þar sjúkrahús eins og áður segir. Áður en þetta varð, höfðu kaupmennirnir stofnað sinn eigin klúbb, Handelsforeningen, og höfðu samkomustað í Hafnarstræti 16. Þar var gengið frá stofnun Styrktar- og sjúkrasjóðsins. Sjóðurinn er talinn stofnaður 24. nóvember 1867, en fyrsta bókunin, sem til er nú, er frá 14. desember.“

Árin 1867—1871 er sjóðurinn nefndur „Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarsamkundunnar í Reykjavík“. Árið 1872 er hann nefndur því nafni, sem hann hefur borið síðan, Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík.

„Tilgangur félagsins er að styrkja þurfandi félagsmenn eða þurfandi ekkjur og börn félagsmanna, svo og að styrkja þurfandi aðstandendur látinna félagsmanna til þess að standa straum af kostnaði við útför þeirra. Heimilt skal einnig, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að veita styrk þurfandi foreldrum, föður eða móður látins félagsmanns, hafi hann verið fyrirvinna eða einkastoð foreldris síns.“

Sjá nánar á vefsíðu Styrktar- og sjúkrasjóðs verslunarmanna í Reykjavík um sögu sjóðsins á slóðinni <http://ssvr.is/saga/40-hagur-sjodsins-i-hundrad-ar/59-inngangur.html>

Afhending skjalasafns: Ásbjörn Einarsson 14. maí 2013 og 27. janúar 2016

Innihald: Fundargerðir, sjóðbækur o.fl.

Tímabil: 1867-2009

Skjalaskrá

Askja 1

Fundargerðabækur 1867-1983

Fundargerðabók frá 14. desember 1867 til 13. október 1901.

Fundargerðabók frá 31. janúar 1902 til 15. janúar 1938.

Fundargerðabók frá 27. janúar 1938 til 13. desember 1983.

Örk 1

Bréfa- og málaskrá

Tilnefning tveggja heiðursfélaga, Gests Þórðarsonar og Stefáns Ó. Bachman, 1969.

Aðalfundur Styrktar- og sjúkrasjóðs verslunarmanna í Reykjavík nr. 108, þann 7. maí 1975, tillögur að lagabreytingum.

Dagskrá 112. aðalfundar 28. nóvember 1979.

Félagatal 2009.

Umboð til Bjarna I. Árnasonar til að tæma bankahólf sem er í Glitni banka, 2008.

Gjafabréf, sýnishorn.

Askja 2

Sjóðbækur 1867-1989

Sjóðbók frá 14. desember 1867 til 1907.

Sjóðbók frá 1907 til 1938.

Sjóðbók frá 1. janúar 1939 til 23. febrúar 1945.

Prentað mál

Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík 1867, 24. nóvember 1917. Höf. Ólafur Björnsson, 1917,

Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík 1867, 24. nóvember 1967. Höf. Gunnar Magnússon, 1967.

Styrktar- og sjúkrasjóður verslunarmanna í Reykjavík í 75 ár. Þáttur úr verslunarsögu. útg 1942, ásamt félagaskrá og yfirliti yfir styrkveitingar 1867-1942. Höf. Vilhjálmur Þ. Gíslason:

Skráð í júní 2013,
Jakobína Sveinsdóttir